

Fundargerð stjórnar Fimleikasambands Íslands

9. fundur, haldinn í sal B í byggingu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, þriðjudaginn 4. febrúar 2020, kl. 12:00.

Fundinn sátu: Kristinn Arason, Hulda Árnadóttir, Kristín Ívarsdóttir, Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir, Þór Ólafsson og Sólveig Jónsdóttir.

Boðuð forföll: Arnar Ólafsson, Harpa Þorláksdóttir og Jarprúður Hanna Jóhannsdóttir.

Fundargerð ritaði: Hulda Árnadóttir.

1. Beiðni um sameiningu liða – Til ákvörðunar

Um er að ræða beiðni frá Fimleikadeild Ármanns um heimild til að sameina lið á bikarmóti FSÍ í 1.-3. þrep og frjálsum æfingum með eftirgreindum hætti:

2. þrep kk. – Ármann og FimAk

1. þrep kvk. – Ármann og Stjarnan

Frjálsar æfingar kk. – Ármann og Björk

Umræður. Samþykkt með fyrirvara um staðfestingu frá öðrum framangreindum félögum.

2. Beiðni um sameiningu liða – Til ákvörðunar

Um er að ræða beiðni frá fimleikadeildum Gróttu og Aftureldingar um heimild til að sameina lið félagann í 1. flokki í hópfimleikum.

Umræður. Samþykkt.

3. Ferðakostnaður fyrir þá iðkendur í úrvalshópum sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðisins – Til ákvörðunar

Bréf til stjórnar frá afreksstjóra FSÍ á haldafimleikum. Í bréfinu er óskað eftir afstöðu stjórnar til þess hvernig koma eigi til móts við iðkendur í úrvalshópum sem búsettir eru úti á landi vegna þess viðbótarkostnaðar sem þau verða fyrir við það að sækja æfingar á höfuðborgarsvæðinu þar sem yfirgnæfandi meirihluti iðkenda er búsettur. Í bréfinu er gerð eftirfarandi tillaga að lausn:





„FSÍ veitir styrki til keppenda sem búsettir eru í meira en 100 km fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu og eru valdir til þátttöku í úrvalshópum, hæfileikamótun og/eða landsliði Íslands í áhaldafimleikum.

- a. Fyrir þátttakendur í landsliði, úrvalshópum og hæfileikamótun er veittur 10.000 kr. styrkur fyrir hvora leið á skipulagðar æfingar. Styrkur er veittur að hámarki 5 sinnum á ári.
- b. Fyrir þátttakendur í landsliði Íslands er veittur 15.000 kr. styrkur fyrir hvora leið til keppni með landsliðinu. Einu sinni á verkefni.“

Umræður. Samþykkt vegna ársins 2020 og ákveðið að taka málið aftur upp í byrjun árs 2021 til ákvörðunar á ný.

4. Vinnuhópar á vegum ÍSÍ – Tilnefning fulltrúa – Til ákvörðunar

Framkvæmdastjóri leggur til að Þorbjörg Gísladóttir verði tilnefnd sem fulltrúi FSÍ í vinnuhóp um skólamál, Sæunn Viggósdóttur í vinnuhóp um umhverfi afreksíþróttafólks og Sólveig Jónsdóttir í vinnuhóp um tryggingamál afreksíþróttafólks.

Umræður. Samþykkt.

5. Staða á skráningum í leyfiskerfi FSÍ – Til upplýsingar

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðunni. Verulega hefur verið bætt úr hjá flestum félögum. Vanhöld eru þó enn á skráningu hjá ákveðnum félögum. Gerð er grein fyrir stöðunni varðandi þau félög sem um er að ræða. Umræður.

Ákveðið að fylgja enn frekar eftir fyrri ákvörðun stjórnar um að herða verulega á eftirliti með skráningu í leyfiskerfið og virkja 7. gr. reglugerðar um leyfiskerfi FSÍ um afturköllun keppnisleyfis ef vanhöld eru á.

6. Önnur mál

Fundi slitið kl. 12:30.

10. fundur stjórnar verður haldinn á skrifstofu FSÍ, þriðjudaginn 25. febrúar 2020, kl. 17:00.

